

Alþingi
Erindi nr. P 126/238
komudagur 22.11.2000

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: Allsherjarnefnd Alþingis
Sendandi: Jón Thors
Dagsetning: 21. nóvember 2000
Málsnúmer: DKM00020313
Bréfalykill: 044.4
Efni: Próf skjalabýðenda og dómtúlka

Undanfarin 20 ár hafa verið haldin nokkuð reglulega á 2ja ára fresti próf fyrir þá sem öðlast vilja réttindi sem skjalbýðendur og dómtúlkar. Próf þessi hafa verið nokkuð eftirsótt sérstaklega af þeim sem öðlast vilja réttindi sem skjalbýðendur í ensku. Skv. þeirri reglugerð sem gilt hefur fyrir prófin undanfarin ár, nr. 26/1989, er fyrirkomulag prófanna þannig að haldin eru skrifleg próf í tveimur hlutum fyrir þá sem öðlast vilja réttindi sem skjalbýðendur. Síðan eru haldin munnleg próf fyrir þá sem standast skriflega prófið til þess að öðlast réttindi sem dómtúlkar. Til þess að framkvæma prófin hefur verið skipuð sérstök prófstjórn sem sér um allan undirbúning prófanna og frágang að prófunum loknum. Til þess að meta prófin er skipuð prófnefnd í hverju tungumáli sem óskað er eftir prófi í. Prófnefndin er skipuð þremur mönnum, einum oddamanni og tveimur meðprófdómendum. Fyrir hvert mál er valið sjálfstætt verkefni í tveimur mismunandi efnisfögum á því máli sem viðkomandi óskar eftir að taka próf í, en síðan er sameiginlegt verkefni fyrir alla próftaka fyrir þýðingu úr íslensku á viðkomandi mál.

Einnig er heimilt samkvæmt reglugerðinni að veita löggildingu sem dómtúlkur fyrir heyrnarlausna.

Kostnaður við próf þessi hefur verið á bilinu 950.000,- - 1.250.000,-. Kostnaðurinn felst í fyrst og fremst í vinnu prófdómenda og prófstjórnar svo og kostnað við að undirbúa prófið og halda það. Veruleg vinna er fyrir prófdómendum að fara yfir prófin því skila þarf mjög ítarlegri greinargerð um hverja úrlausn og gera grein fyrir villum. Einstaka sinnum þarf að vísa kæru próftaka á mati prófnefndar á úrlausn prófsins til endurmats og hefur þá þurft að ráða sérfræðinga til þess að endurmeta úrlausnir.

Miðað við kostnað undanfarinna þriggja prófa þ.e. prófanna 1993, 1995 og 1997 má áætla að kostnaður pr. próftaka verði um kr. 50.000,-. Kostnaður er þó nokkuð breytilegur eftir hversu margir taka þátt í prófi því fasti kostnaðurinn er sá sami hvort sem próftakar eru 15 eða 30. Breytilegur kostnaður er fyrst og fremst vinna prófdómenda við yfirferð prófúrlausna.

Við undirbúning prófsins 1997 ákvað prófstjórnin að efna til kynningarprófs fyrir alla umsækjendur en umsækjendur voru þá um 50 til að menn gætu tekið nokkurs konar forpróf til þess að átta sig á þyngd prófsins og hæfni sinni. Eftir að það próf hafði farið fram á vegum prófstjórnarinnar féllu 19 umsækjenda frá því að fara í prófið eða mættu ekki í prófið. Á þann hátt sparaðist verulegur kostnaður sem hefði verið fólgin í því að yfirfara úrlausnir þeirra sem ekki áttu erindi í próftöku.

A meðfylgjandi blaði er yfirlit yfir þrjú undanfarin próf þar sem talin eru upp þau tungumál sem tekin voru próf í, fjöldi þátttakanda og fjöldi þeirra sem stóðst próf, svo og kostnaður við hvert próf fyrir sig.

Próf í mars 1993

	Próftakar	Stóðust
Enska	9	1
Pýska	2	1
Franska	1	1
Pólska	1	1
Finnska	1	1
Danska	<u>1</u>	<u>1</u>
	15	6

Kostnaður kr. 956 þús.
kr. 63.733 pr. próftaka

Próf í október 1995

Próftakar 27

	Próftakar	Stóðust
Enska	10	3
Norska	2	0
Pýska	5	3
Danska	4	0
Ítalska	1	1
Franska	2	1
Sænska	1	0
Rússneska	<u>2</u>	<u>2</u>
	27	10

Kostnaður kr. 1.258 þús.
kr. 46.593 pr. próftaka

Próf í október 1997

	Próftakar	Stóðust
Danska	6	2
Enska	11	1
Franska	1	1
Norska	3	0
Ítalska	2	0
Sænska	4	0
Þýska	<u>4</u>	<u>1</u>
	31	5

Kostnaður kr. 1.196 þús.
kr. 38.580 pr. próftaka